



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 20. september 2021

2109030SA GB/bg  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um drög að reglugerð um framkvæmd ársreikningaskrár við gerð kröfu um slit félaga, mál nr. S-172/2021**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 9. september sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um framkvæmd ársreikningaskrár við gerð kröfu um slit félaga.

Með reglugerðinni er verið að skýra nánar framkvæmd ársreikningaskrár við gerð kröfu um slit félaga sem ekki hafa skilað ársreikningi eða samstæðureikningi innan þess frests sem fram kemur í 109. gr. laga um ársreikninga 3/2006 og kröfur um slit félaga í þeim tilvikum er ársreikningaskrá hefur komist að þeirri niðurstöðu að ársreikningurinn sé ófullnægjandi.

Samkvæmt [skýrslu starfshóps um umfang skattundanskota](#) og tillögur til aðgerða frá 20. júní 2017 má áætla að umfang skattsvika sé á bilinu 3-7% af landsframleiðslu eða u.þ.b. 10% af heildartekjum hins opinbera samkvæmt athugunum sem gerðar hafa verið. Síðustu ár hefur fjöldi starfshópa unnið að tillögum um hvernig komast megi hjá skattundanskotum og kennitölflakki og ítrekað hefur komið fram að það geti verið krefjandi að takast á við kennitölflakk þar sem of vægt regluverk nær ekki að leysa vandamálið en of strangt regluverk getur á hinn bóginn komið í veg fyrir lögmæta og arðvænlega atvinnustarfsemi.


Margir starfshópar hafa þó lagt til að ársreikningaskrá fái umrædda heimild til að krefjast slita á félögum. Þegar ársreikningaskrá var veitt heimild til að krefjast slita á félögum sem ekki hafa skilað ársreikningi eða ófullnægjandi ársreikningi árið 2016 með lögum nr. 73/2016 kom fram í greinargerð að *markmiðið með þeirri heimild væri að auka gagnsæi í viðskiptum, þ.m.t. að sporna við kennitölflakki og bæta skil ársreikninga.*

Kennitölflakki fylgir gífurlegur kostnaður fyrir ríki, sveitarfélög, lífeyrissjóði, stéttarfélög, launafólk og önnur fyrirtæki og félagasamtök. Því er mikilvægt að allra leiða sé leitað til að hindra kennitölflakki en eitt af þeim verkfærum er að fara fram á slit á félögum ef þau skila ekki ársreikningi. Þannig eru auknar líkur á því að hægt sé að koma í veg fyrir að verðmæti séu tekin úr félaginu og færð í annað félag svo dæmi sé nefnt.

#### **Að lokum**

Sambandið gerir ekki athugasemd við reglugerðina en hvetur til þess að ráðherra undirriti reglugerðina sem fyrst svo ekki verði frekari tafir á möguleikum ársreikningaskrár til að krefjast slita á félögum er ekki hafa skilað inn ársreikningi.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs